

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 15. desember 2011 í máli nr. S-572/2011:

### Ákærvaldið

(Kjartan Ólafsson fulltrúi)

gegn

X

(Ragnar Baldursson hrl.)

Mál þetta er höfðað með ákæru útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 24. maí 2011 á hendur X, kt. [...], [...], Hafnarfirði, „fyrir líkamsárás, með því að hafa miðvikudaginn 2. júní 2010 ruðst inn á heimili A, kt. [...], að [...] í Kópavogi, slegið hann ítrekað í andlitið og á líkama og síðan sparkað í andlit hans er hann lá á gólfinu, með þeim afleiðingum að sauma þurfti 4 spor á höfði auk þess að hann hlaut yfirborðsáverka sem náðu til höfuðs með hálsi (sic) og til margra svæða á efri útlimum.“

Þetta er talið varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, og 110. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins. Þá er þess krafist að sakarkostnaður, þ. á m. þóknun verjanda, greiðist úr ríkissjóði.

Hinn 28. september 2011 fór fram aðalmeðferð í málinu og með úrskurði 10. október 2011 var málinu sjálfkrafa vísað frá dómi vegna ágalla á rannsókn málsins. Ákærvaldið kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem felldi hann úr gildi 26. október 2011 og lagði fyrir dómara að taka málið til efnisúrlausnar. Í kjölfar dóms Hæstaréttar var ákærða skipaður verjandi að hans ósk, en ákærði hafði sjálfur haldið uppi vörnum á fyrri stigum málsins. Þá voru teknar skýrslur af fleiri vitnum, B, C og Ásu E. Einarsdóttur lækni, í því skyni að upplýsa málið frekar. Einnig komu aftur fyrir dóm A, D og E. Málið var svo dómtekið 2. desember 2011, að loknum málflutningi.

### I.

Hinn 21. október 2010 lagði A fram kæru hjá lögreglu vegna líkamsárásar. Kærandi skýrði frá því að hinn 2. júní 2010 hefði hann verið nýkominn heim til sín, að [...] í Kópavogi, þegar það hafi verið bankað upp á hjá honum. Hann hefði

opnað dyrnar og fjórir menn ruðst inn og verið mjög ógnandi. Þeir hefðu spurt hann um tölvu sem hann hafi haft til skoðunar og spáð í að kaupa. Hann hefði afhent þeim tölvuna og harðan disk sem hefði fylgt henni. Í kjölfar þess hefði einn af mönnum, án nokkurs tilefnis, slegið hann ítrekað í andlitið og líkamann. Kærandi kvaðst hafa fallið í gólfið við þessar barsmíðar og þá hefði maðurinn sparkað ítrekað í andlit kæranda, en hann hafi verið í skóm sem hefðu greinilega verið styrktir með stáltá. Kærandi sagði að hann hefði „margrotast“ við þetta. Einnig sagði kærandi að mennirnir hefðu verið á heimili hans í um þrjár klukkustundir. Þeir hefðu rótað í dóti hans og hirt alls konar muni sem hann ætti. Þeir hefðu svo yfirgefið heimili hans og skilið hann eftir ásamt fyrrverandi unnustu hans, D, sem hefði verið stödd á heimilinu, og E, sem hafi ætlað að selja kæranda tölvuna, en hann hefði komið með umræddum mönnum. Kærandi sagði að sá sem hefði haft sig mest í frammi hétu X, ákærði í máli þessu, og hann hefði verið sá eini sem hefði ráðist á kæranda. Kærandi kvaðst ekki vilja kæra mennina tvo sem hefðu verið með honum þar sem þeir hefðu ekkert haft sig í frammi og ofboðið háttsemi ákærða. Þeir hefðu verið í annarlegu ástandi og í raun ekkert vitað hvað þeir hafi verið að gera þarna eða hvað hafi verið að gerast. Kærandi kvaðst hafa rætt við þá eftir þetta og þeir hefðu margbeðið hann afsökunar og rétt honum sáttarhönd. Einnig sagði kærandi að eftir að mennirnir hafi verið farnir hafi hann farið beint á slysadeild Landspítala. Þegar kærandi var beðinn um að lýsa þessum átökum betur kvaðst hann ekki geta gert það. Inntur eftir því hverjir hefðu komið á heimili hans ásamt árásarmanninum sagði hann að þeir hétu C og B, en hann kvaðst ekki vita nánari deili á þeim. Þegar kærandi var spurður af hverju hann hefði ekki lagt fram kæru fyrr kvaðst hann hafa óttast um sjálfan sig og En ef hann myndi kæra og því verið hikandi, en hann hefði tekið ákvörðun um að láta ekki bjóða sér þetta. Þegar kærandi var spurður hvaða áverka hann hafi hlotið kvaðst hann hafa nefbrotnað, tennur hefðu skekkst og það hafi þurftað sauma sjö spor í andliti hans. Þá hafi hann verið dofinn í andliti og verið með mar og tognunareinkenni um allan líkamann.

Vitnið D gaf skýrslu hjá lögreglu 6. janúar 2011. Vitnið sagði að umræddan dag hefði verið bankað á dyrnar og A farið til dyra. Þegar hann hefði opnað hefðu þrír menn ruðst inn og þeir hefðu haft E með sér í einhvers konar gíslingu. Tveir menn hefðu haft sig mest í frammi, þ.e. ákærði og einhver C. Þeir hefðu ráðist á A, lagt hann í gólfið og síðan sparkað ítrekað í andlitið á honum og líkama hans. Þeir hefðu stöðugt öskrað á hann og heimtað einhverja tölvu eða flakkara af A. Þetta hefði staðið yfir í um 10-15 mínútur. Á meðan hefðu mennirnir öskrað á vitnið að hreyfa sig ekki. Vitnið kvaðst hafa setið alveg kyrrt meðan á þessu hafi staðið og ekkert haft sig í frammi enda hafi það verið skelkað og í raun í losti. Jafnframt sagði vitnið að þriðji aðilinn, sem heiti B, hafi í raun bara verið að passa upp á E og ekki tekið þátt í barsmíðunum á A. Þá sagði vitnið að eftir að mennirnir hefðu barið á A hefðu þeir tekið tól og tæki sem þeir hafi fundið og eyðilagt eitthvað af verðmætum. Þeir hefðu verið heillengi að gramsa í öllu, farið í skúffur og skápa og rótað til. Á meðan á þessu hafi staðið hafi þeir öðru hvoru gengið að A, þar sem hann hafi setið á eldhúsgólfinu, sparkað til hans og slegið til hans. Einnig hefðu þeir eitthvað barið E. Þá sagði vitnið að þetta hefði staðið yfir í 3-4 klukkustundir, en mennirnir hefðu ruðst inn á heimilið um kl. 17 og ekki farið fyrr en rúmlega kl. 20. Jafnframt sagði vitnið að C og ákærði hefðu verið mjög ógnandi nær allan tímann. Það hefði ekki verið fyrr en undir lokin sem þeir hefðu verið farnir að róa sig. A hefði svo farið beint á slysadeild eftir að mennirnir hafi farið. Þegar vitnið var beðið um að lýsa atvikum nánar kvaðst það ekki geta lýst því betur en það hafði þegar gert. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið fyrir barsmíðum og ekki orðið fyrir öðrum

hótunum en að halda kyrru fyrir og skipta sér ekki af málinu.

Hinn 15. febrúar 2011 hafði lögregla símasamband við vitnið E. Í lögregluskýrslu segir að vitnið hefði greint frá því að hafa verið sofandi á neðri hæð að [...] í Kópavogi þegar hann hafi verið vakinn upp af þremur mönnum sem hafi allt í einu verið komnir inn í íbúðina. Þeir hefðu skipað honum að fara á fætur og afhenda þeim tölvu. Mennirnir hefðu verið mjög ógnandi og þeir hefðu slegið til vitnisins. Einnig hefðu þeir hótad vitninu öllu illu ef það afhenti ekki tölvuna. Vitnið hefði í fyrstu ekki áttað sig á því hvað mennirnir hafi átt við en síðan munað að A, félagi vitnisins sem búi á hæðinni fyrir ofan, hafi keypt tölvu en ekki vitað að hún væri stolin. Vitnið hefði því sagt við mennina að tölvan væri hugsanlega uppi hjá A og þeir farið upp með vitnið og látið það banka á dyrnar. Þegar A hefði opnað hefðu mennirnir þrír ruðst inn til A og síðan veist að honum með höggum og spörkum uns hann hafi fallið í gólfið. Einn af þessum mönnum hefði gengið hvað harðast fram, en það hafi verið ákærði í máli þessu. Einnig hefði annar aðili, C, haft sig nokkuð í frammi. Mennirnir hefðu svo heimtað að A afhenti tölvuna og hann gert það. Í kjölfarið hefðu mennirnir tekið alls konar muni úr íbúðinni og farið. Einnig skýrði vitnið frá því að meðan mennirnir hefðu verið í íbúð A hefðu þeir annað slagið sparkað og slegið til hans þar sem hann hafi legið á gólfi íbúðarinnar. Einnig hefðu þeir slegið vitnið. Þá greindi vitnið frá því að D, kærasta A, hefði verið inni í herbergi í íbúðinni allan tímann en mennirnir hefðu látið hana í friði. Jafnframt sagði vitnið að mennirnir hefðu verið inni í íbúðinni í um klukkustund. Vitnið sagði að því hefði verið mjög brugðið eftir þetta. Vitnið hefði verið hrætt og ekki þorað að kalla til lögreglu eða leggja fram kæru. Aðspurt kvaðst vitnið ekki geta farið út í nákvæmar lýsingar á því hvornig mennirnir hefðu borið sig að á vettvangi. Vitnið myndi bara að þeir hefðu sparkað og slegið frá sér en það gæti ekki lýst því neitt frekar. Ákærði hefði haft sig áberandi mest í frammi og hann hafi stjórnað öllu á vettvangi. C hefði einnig haft sig eitthvað í frammi en sá þriðji að mestu haldið sig til hlés. Fram kom að C héti fullu nafni C en vitnið kvaðst ekki vita hver B sé.

C var yfirheyrður hjá lögreglu 17. febrúar 2011 með réttarstöðu grunaðs manns. Hann kvaðst hafa farið að [...] til að ná í tölvu sem átti að hafa verið stolið frá kunningja hans, ákærða í máli þessu. Þeir hefðu bankað upp á hjá einhverjum strák á neðri hæðinni og hann sagt að tölvan væri á efri hæðinni hjá einhverjum manni. Ákærði hefði þá farið upp og hann komið á eftir ásamt stráknum. Þegar hann hafi komið upp hafi dyrnar verið opnar og hann farið beint inn. Þeir hefðu svo fengið tölvuna afhenta. Hann kvaðst hafa farið fljótlega eftir það en ákærði hafi orðið eftir. Engin átök hefðu átt sér stað þarna inni. Hann tók fram að hann myndi þetta frekar illa vegna þess hversu ölvaður hann hefði verið. Borinn var undir hann framburður kæranda og vitna og sagði hann að þetta væri ekki rétt. Aðspurður hverjir hefðu verið með í för sagði hann að það hefði verið ákærði og strákurinn niðri. Var honum þá kynnt að samkvæmt framburði vitna hafi maður að nafni B, en hann svaraði að hann kannaðist ekki við hann og myndi ekki eftir honum þarna.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 18. febrúar 2011. Hann skýrði frá því að brotist hefði verið í bifreið hans í maí 2010 og tölvu stolið úr henni. Hann kvaðst hafa tilkynnt það til lögreglu og sjálfur grennslast fyrir um það hver hefði gert þetta og komist að því að tölvan væri hjá manni að nafni E. Í kjölfarið hefði hann reynt að hafa uppi á þessum manni og komist að því að hann væri búsettur að [...] í

Kópavogi. Hann hefði svo farið heim til E sem hafi ætlað að sýna honum hvar tölvan væri. E hefði sagt að tölvan væri hjá A sem væri búsettur á efri hæðinni. Ákærði sagði að með honum í för hafi verið einhver C og annar maður sem hafi verið með C, en ákærði viti ekki hvað hann heiti. Eftir að hafa rætt við E hefðu þeir farið upp í íbúðina til A. Ákærði hefði bankað á dyrnar og A komið til dyra. Ákærði kvaðst hafa gert A grein fyrir erindi sínu og beðið hann um að afhenda sér tölvuna og hann gert það. Ákærði sagði að hann hefði tekið eftir því að það hafi vantað flakkara sem fylgdi henni og að A hafi verið búinn að tengja hann við sína tölvu, en hann hefði svo látið ákærða fá flakkarann. Þegar ákærði hafi verið búinn að fá sitt hafi hann yfirgefið vettvang, en hann kvaðst ekkert vita hvað hefði orðið um C og félag hans. Þá sagði ákærði að A hefði haft samband við sig vegna gagna sem hann hefði sett inn á harða diskinn á tölvunni. Samskipti þeirra hefði aðallega farið fram á fésbókinni þar sem hann hefði verið með alls konar hótanir við sig ef hann skilaði ekki gögnunum. Einnig hefði A heimitað peninga. Ákærði sagði að hann vildi láta útprentun af samskiptum þeirra fylgja málinu og afhenti hana. Þá sagði ákærði að A hefði fengið gögn sín til baka. Ákærði neitaði því alfarið að hafa ruðst inn til A, ráðist á hann eða stolið einhverju frá honum. Ákærði kvaðst hafa verið í íbúðinni í mesta lagi í 10 mínútur. Aðspurður hverjir C og B séu kvaðst ákærði ekki þekkja þá neitt, en ástæðan fyrir því að þeir hefðu verið með ákærða umrætt sinn hafi verið sú að hann hefði boðið þeim fundarlaun fyrir tölvuna. C og B hefðu haft símasamband við ákærða og bent honum á hvar E byggi. Þeir hefðu vitað að ákærði ætlaði til E umrætt sinn að sækja tölvuna og sennilega hefðu þeir þess vegna verið þarna á vettvangi. Ákærði sagði að hann hefði ekki boðað þá, en þeir hafi greinilega ætlað að vera viðstaddir þegar hann myndi sækja tölvuna og fá fundarlaun sín. Ákærði kvaðst ekki vita meira um þessa menn. Þeir hefðu komið á eigin vegum en ákærði hefði komið einn á vettvang og farið þaðan einn. Ákærði kvaðst ekki vita hvað hafi gerst eftir að hann hafi verið farinn af vettvangi.

## II.

Í málinu liggur fyrir vottorð Ásu E. Einarsdóttur, sérfræðilæknis á bráðadeild Landspítala, dags. 13. apríl 2011. Í því segir að A hafi komið á bráðadeild hinn 31. maí 2010 kl. 02:46. A hefði skýrt frá því að hann hefði keypt tölvu af nágranna daginn áður. Tæpum klukkutíma eftir það hafi einhverjir komið til hans, sagt tölvuna stolna og sparkað í andlit hans og lamið hann með bjórflösku. Hann hefði lýst höfuðverk hægra megin, eymslum í framhandlegg, eftir að hafa varið sig höggum, og verk í efri vör. Sjúklingnum er lýst sem grannholda manni og rólegum. Hann hafi verið með skurð, um 1 cm fyrir ofan hægri augabráun, bólgna hægri efri vör, en ekki hafi verið sprungið fyrir og tennur heilar. Augnhreyfingar hafi verið eðlilegar og ekki verið grunur um beinbrot á höfði. Byrjandi mar hafi verið á framhandlegg vinstra megin. Þá segir í vottorðinu að greining hafi verið opið sár á öðrum hlutum höfuðs, yfirborðsáverkar sem nái „til höfuðs með hálsi“ og yfirborðsáverkar sem nái til margra svæða á efri útlimum. Sjúklingurinn var saumaður með 4 sporum.

## III.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði sagði að brotist hefði verið inn í bíl hans og tölvu stolið og hann hefði tilkynnt það til lögreglu. Ákærði kvaðst hafa reynt sjálfur að hafa uppi á

tölvunni og boðið fundarlaun fyrir hana. Hann hefði svo fengið upplýsingar um það hver væri með tölvuna hjá strák sem heiti Jói, en hann versli með tölvur. Nánar tiltekið hafi hann fengið upplýsingar um að E væri með tölvuna og ákærði því grennslast fyrir um hann. Í framhaldi af því hefði ákærði fengið símtal frá manni að nafni C, en ákærði þekki hann ekki. C hefði sagt ákærða hvar E byggi og ákærði í kjölfarið farið þangað. Fram koma að þetta hafi verið á sunnudegi. Ákærði kvaðst hafa bankað upp á hjá E og hann hafi farið með ákærða til A á hæðinni fyrir ofan. Þar hefðu þeir bankað upp á. Ákærði sagði að C og maður að nafni B hafi komið þegar þeir hafi verið á leiðinni upp á efri hæð. Aðspurður af hverju C og B hafi verið þarna sagði ákærði að C hefði sagt sér hvar E ætti heima. Ákærði hefði farið beint til E eftir símtal þeirra og C og B komið án þess að ákærði hafi vitað að þeir ætluðu að gera það. Þegar A hafi komið til dyra hafi ákærði gert grein fyrir erindi sínu og A farið inn í skáp og sótt tölvuna. Það hefði vantað flakkarann með tölvunni og ákærði beðið um hann. A hafi verið búinn að tengja flakkarann við tölvu sína og hann hafi látið ákærða fá flakkarann. Ákærði hefði svo farið. Ákærði neitaði alfarið því sem honum er gefið að sök í ákæru. Aðspurður sagði ákærði að C og B hefðu ekki ráðist á A að honum aðsjáandi. Ákærði kvaðst hafa verið í anddyrinu allan tímann og C og B hefðu einnig verið þar allan tímann sem ákærði hafi verið þarna. Ákærði kvaðst hafa verið allsgáður og sagði að hann væri reglusamur maður. Þegar ákærði var spurður af hvaða ástæðu A og vitni væru þá að ljúga upp á ákærða skýrði ákærði frá því að eftir að ákærði fékk tölvuna hafi A viljað fá gögn sem hafi verið á tölvunni og hann hafi reynt að fá peninga út úr ákærða, en ákærði hafi hafnað því. A hafi verið reiður og þess vegna væri hann eflaust að bera ákærða sökum.

Vitnið A kvaðst hafa verið nýkomið heim úr vinnu þegar dyrnar hafi verið opnaðar og þrír menn gengið inn. Þeir hefðu spurt vitnið um tölvu og vitnið hefði afhent hana. Upp úr því hefði hafist mikið ofbeldi og læti og einn af þessum mönnum hefði farið með konu vitnisins, D, inn í herbergi og haldið henni þar meðan vitnið hefði verið beitt ofbeldi. Þá sagði vitnið að mennirnir hefðu haft E með sér, en það hafi verið E sen hefði látið vitnið fá tölvuna. Þá sagði vitnið að mennirnir hefðu gramsað í eigum vitnisins og tínt muni í töskur. Allan tímann hefði ofbeldið haldið áfram. Þegar þeir hafi verið búnir að taka allt sem hafi verið bitastætt í íbúðinni hafi þeir farið af vettvangi.

Þegar vitnið var beðið um að lýsa árásinni nánar sagði vitnið að það hefði fyrst fengið högg í andlitið og það hefði vankast við það og fallið í gólfið en þá hefði verið sparkað í andlit vitnisins. Vitnið kvaðst hafa misst meðvitund um tíma. Um afleiðingar árásarinnar sagði vitnið að það hefði fengið sár öðrum megin á höfði og yfirborðsáverka sem hafi náð frá hálsi til höfuðs og á efri útlimum. Vitnið kvaðst hafa misst vinnuna í kjölfarið og þurft að leita til sálfræðinga og geðlækna. Þá hafi þetta leitt til sambúðarslita. Vitnið sagði að þetta hefði staðið yfir í um þrjár klukkustundir. Jafnframt sagði vitnið að annar mannanna sem hefði verið með ákærða hafi tekið þátt í ofbeldinu en hinn hafi haldið konu vitnisins í gíslingu. Vitnið sagði að annar mannanna hétu C og hinn B. Sá síðarnefndi væri nú í afplánun á Litla-Hrauni. Þegar vitnið var beðið um að lýsa útliti mannanna kom fram að C væri lágvaxinn, þrekinn og dökkur yfirlitum. B hafi verið mjósleginn, skolhærður og illa til hafður. Vitnið kvaðst hafa fengið mörg högg frá ákærða, bæði með höndum og fótum. Sá sem hefði haldið konu vitnisins hafi verið B. Einnig sagði vitnið að C hefði skipað vitninu að setjast inn í eldhús og þar hefði hann veitt vitninu högg í andlitið og kastað bjórflösku og öðru í vitnið. Vitnið sagði að það

hefði fengið einn af skurðunum í andliti eftir bjórflösku sem hefði brotnað á andliti vitnisins. Jafnframt hefði C sparkað í vitnið ef vitnið hafi ætlað að hreyfa sig. Spörkin hefðu aðallega verið í hendur vitnisins og bringu. Vitnið sagði að yfirborðsáverkar sem það hefði fengið á efri útlimum væru líklega vegna þess. Þá sagði vitnið að C hefði bæði slegið og sparkað í andlit vitnisins. Jafnframt sagði vitnið að það minnti að fyrsta höggið hefði komið frá C. Nánar um þátt ákærða sagði vitnið að það hefði fengið högg í andlitið frá honum og spörk þegar vitnið hafi setið við eldavélina. Fram kom að vitnið hefði komið heim úr vinnu kl. 19 og ákærði og mennirnir farið um klukkan 22. Vitnið kvaðst hafa farið beint á spítala. Þá sagði vitnið að árásin hefði átt sér stað 2. júní.

Vitnið var þessu næst spurt út í misræmi í framburði vitnisins hjá lögreglu og fyrir dómi, nánar tiltekið af hverju það hefði sagt hjá lögreglu að einungis ákærði hefði ráðist á vitnið. Vitnið svaraði að C hefði bara veitt vitninu 1/100 af þeim áverkum sem vitnið hefði fengið. Þá sagði vitnið að í minningunni við skýrslutöku hjá lögreglu hefði það verið þannig að aðeins ákærði hefði ráðist á hann. Þá var vitninu kynnt að samkvæmt fyrirliggjandi áverkavottorði Landspítala hafi vitnið komið á slysadeild kl. 02:46 hinn 31. maí 2010 en ekki 2. júní, þegar árás ákærða á að hafa átt sér stað og gat vitnið ekki útskýrt þetta misræmi að öðru leyti en því að árásin hefði þá átt sér stað 30. maí en ekki 2. júní. Um þann tíma sem leið frá því ákærði og mennirnir tveir fóru af heimili vitnisins og þar til vitnið fór á slysadeild sagði vitnið að það hafi reynt að finna samskiptatæki þar sem þeir hefðu rænt öllum sínum og það hafi tekið tíma. Vinur vitnisins hafi bankað upp á og vitnið hafi þá hringt í annan vin sinn sem hafi fylgt honum á spítala. Þetta hafi allt tekið um 2-3 klukkustundir. Þegar vitnið var spurt af hverju það hefði ekki lagt fram kæru fyrr en tæpum fimm mánuðum eftir meinta árás sagði vitnið að nokkrum tímum eftir árásina hafi E reynt að svipta sig lífi þar sem hann hafi verið búinn á taugum, en lögreglan hafi komið honum til bjargar. E hafi verið hræddur eftir þetta en svo hafi hann flutt út á land og verið óhultur þar og vitnið þá ákveðið að leggja fram kæru. Nánar innt eftir framburði vitnisins um bjórflösku sem C hafi hent í höfuð vitnisins sagði vitnið að þetta hafi verið bjórdós og vitnið hafi fengið lítinn skurð við það, en vitnið hafi einnig hlotið aðra skurði. Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt B fyrir umrætt atvik. Þá var vitnið spurt um samskipti þess við ákærða á fésbókinni 5. júní 2010, þremur og hálfum mánuði áður en vitnið lagði fram kæru á hendur ákærða, þ.e. hótanir vitnisins í garð ákærða og fjárkúgun, og sagði vitnið að það hafi verið í glasi þegar það hafi verið í samskiptum við ákærða á fésbókinni. Vitnið kannaðist við að hafa sagt við ákærða: „Núna ætla ég reyndar að fara að hringja um allan bæ í vini, það er stórt mál, en ég veit ekki hvað gerist hreinlega þegar ég bið fólk um hluti, ég er vinamargur, búinn að vera í bransanum í öllum áttum, og ég mun nota alla til þess að koma þér úr vegi um allt. Þú hefðir getað sleppa við þetta allt, en segjandi fólk að ég hafi farið að gráta og eitthvað, ég segi til baka, vertu feginn að ég drap þig ekki, ég hélt í tvö skipti á 20 kg röri, sem mig langaði að setja í andlitið á þér, en þegar við hittumst, þá er það einn á móti einum, og það verður mitt seinasta svar í þessu máli.“

Vitnið D, fyrrverandi sambýliskona A, sagði að fjórir menn hefðu komið inn í íbúðina, en þrír þeirra hefðu ruðst inn. Þeir hefðu ráðist á A og E sem hafi verið með þeim í för. Þá hefðu mennirnir rústað íbúðinni og ráðist á A og E. Nánar um atvik sagði vitnið að mennirnir hefðu lagt A í gólfið og sparkað í hann. Einnig hefðu þeir kýlt hann og hent dóti í hann. Vitnið sagði að mennirnir hefðu verið í íbúðinni í um þrjár klukkustundir. Enn fremur sagði vitnið að C hefði kýlt og

sparkað í A þegar hann hafi legið á gólfinu. Vitnið kvaðst ekki hafa verið beitt ofbeldi en því hafi verið sagt að fara inn í herbergi og allir símar verið teknir. Jafnframt sagði vitnið að C hefði að mestu verið hjá því inni í herberginu, en hann hafi komið og farið úr herberginu. Þá sagði vitnið að högginn og spörkin frá ákærða og C hefðu aðallega verið í andlit A en einnig í efri hluta líkamans. Um útlit mannanna sem hefðu verið með ákærða sagði vitnið að annar þeirra, C, hafi verið dökkhærður, lítill og „kubbslegur“ en hinn hafi verið skolhærður, langur og mjór. Vitnið var spurt hvaða dag þetta hefði gerst og sagði vitnið þá að þetta hefði verið í byrjun júní, um kl. 17 og mennirnir hefðu farið um kl. 20. Þetta hefði verið á sunnudegi og A hefði farið seint um kvöldið á spítala. Þegar vitninu var kynnt að samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði hafi A komið á spítala kl. 02:46 um nótt sagði vitnið að A hefði farið út úr íbúðinni um kvöldið, á eftir ákærða og mönnunum tveimur, en þeir hefðu farið klukkan hálf átta eða átta um kvöldið. Vitnið kvaðst ekki vita hvert A hafi farið í millitíðinni. Nánar um meinta árás ákærða og hvort A hefði setið í stól í eldhúsinu sagði vitnið að hann hefði setið á gólfinu og það hafi verið sparkað í hann. Vitnið var þá spurt hvort það hefði séð hver hafi sparkað í höfuð A og kvaðst vitnið ekki muna hvort það hefði verið ákærði eða C. Fram kom að vitnið hefði verið inn í svefnherberginu þegar ákærði, C og B komu í íbúðina, en vitnið hefði séð þá ryðjast inn, berja A í gólfið, skipa honum að vera þar og látið högginn og spörkin dynja á honum. Það hefði aðallega verið ákærði sem hafi gert þetta. Einnig kom fram hjá vitninu að dyrnar að svefnherberginu hafi ýmis verið opnar eða lokaðar, en það hefði m.a. séð ákærða og C sparka og kýla í A, aðallega í andlitið, í 8-10 skipti, af miklu afli. Jafnframt kvaðst vitnið hafa séð C henda bjórdós í A inni í eldhúsinu.

Vitnið E, vinur A, lýsti því að þrír menn hefðu leitt hann upp á efri hæðina að íbúð A og sagt að vitnið ætti að ná í tölvu. Þeir hefðu látið vitnið banka á hurðina og um leið og A hafi opnað dyrnar hafi þeir stokkið inn og ráðist á A. Þeir hefðu barið hann ítrekað í andlitið og líkamann. A hefði legið í gólfinu. Vitnið kvaðst ekki muna hvort það hefði verið sparkað í hann. Þá sagði vitnið að konu A hafi verið sagt að fara inn í herbergi og vera þar. Einnig sagði vitnið að mennirnir hefðu farið um íbúðina og tekið muni. Vitnið sagði að þetta hefði staðið yfir í um eina klukkustund. Aðspurður hverjir hefðu ráðist á A sagði vitnið að það hafi verið ákærði og C. Einnig kom fram hjá vitninu að C hefði hent óopnaðri bjórdós í höfuð A og hann fengið skurð á augabrúnina. Vitnið kvaðst ekki þekkja C og þriðja manninn mikið, en hann viti hverjir þeir séu. C sé [...]son og þriðji maðurinn heiti B og sé í afplánun á Litla-Hrauni, en hann hafi verið í máli með [...]. Vitnið var þá spurt hvort það kannaðist við nafnið B og sagði vitnið að það væri umræddur B. Þá greindi vitnið frá því að það hefði orðið fyrir ofbeldi. Vitnið sagði að það hefði reynt að fremja sjálfsmorð í kjölfar þessara atburða. Aðspurt hvort það hafi tengst máli þessi sagði vitnið að það hefði „að vissu leyti“ gert það, en sagði jafnframt að vitnið hefði átt við fikniefnaneyslu að stríða. Um það hvað ákærði, C og B hafi verið lengi í íbúð A sagði vitnið að þeir hafi verið þar í um einn og hálfan tíma, en þeir gætu hafa verið þar lengur. Jafnframt sagði vitnið að það, A og D hefðu ekki farið strax út úr íbúðinni eftir að þeir fóru.

Vitnið C kvaðst lítið muna um atvik vegna þess að það hafi verið ölvað og vísaði til þess að það hafi gefið skýrslu hjá lögreglu. Vitnið sagði jafnframt að það myndi muna ef átök hefðu átt sér stað.

Vitnið *B* kvaðst ekki þekkja ákærða. Vitnið skýrði frá því að það hefði verið í húsi skammt frá að skemmta sér og það hefði svo farið ásamt félaganum sínum, *C*, að sækja stolna tölvu. Vitnið sagði að það hefði verið mjög drukkið og það myndi ekki atvik vel, en ákærði, sem hafi átt tölvuna og verið þarna staddur, hafi fengið hana afhenta. Einnig sagði vitnið að það hefðu einhver orðaskipti átt sér stað og komið til smá átaka milli ákærða og *A*. Þegar vitnið var beðið um að lýsa átökunum sagði það að þetta hefðu verið einhver slagsmál, en það gæti ekki lýst þeim nánar. Þá sagði vitnið að *C* hafi ekki gert neitt. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hversu lengi þeir hefðu verið í íbúðinni, en það hélt að það hefði farið á sama tíma og *C*. Þegar vitninu var kynntur framburður vitna, um að það hefði verið ítrekað sparkað í höfuð og líkama *A*, sagði vitnið að það hefði verið sparkað í hann. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa séð bjórdós hent í *A*. Jafnframt var vitninu kynnt að samkvæmt framburði *D* hafi vitnið séð til þess að hún væri í svefnherberginu og neitaði vitnið því að hafa gert það. Vitnið var innt eftir því hvernig það þekki *C* og sagði vitnið þá að þeir þekktist í gegnum sameiginlega vini, þeir hefðu þekktist í nokkur ár og væru kunningjar. Vitnið og *A* væru hins vegar vinir.

Vitnið *Ása E. Einarsdóttir*, sérfræðilæknir á bráðadeild Landspítala, sagði að *A* hefði lýst því að hann hafi verið með verk hægra megin í höfði og í framhandlegg eftir að hafa reynt að verja sig. Við skoðun hafi sést skurður við hægri augabrún og bólgin hægri efri vör, en ekki hafi verið sprungið fyrir þar. Þá hafi verið byrjandi mar á vinstri framhandlegg. Þá sagði vitnið að ekki hafi verið grunur um alvarlega höfuðáverka. Jafnframt sagði vitnið að áverkar hans samrýmst því að hann hafi orðið fyrir höggum, hvernig sem þau hafi verið tilkomin. Þegar vitnið var spurt hvort það gæti sagt til um hversu langur tími hafi liðið frá því framangreindir áverkarnir hafi verið veittir sagði vitnið að það gæti ekki sagt nákvæmlega til um það, en sárið við augabrúnina hafi verið það ferskt að það hafi verið ákveðið að sauma það, en álitamál væri að gera slíkt ef liðnar væru sex klukkustundir. Vitnið teldi því að hann hafi fengið áverkann innan við sex tíma. Þá kom fram hjá vitninu að sárið við augabrúnina gæti samrýmst því að hann hafi fengið högg frá bjórflösku. Vitninu var kynnt að samkvæmt framburði vitna fyrir dómi hafi tveir menn ítrekað veist að *A* með höggum og spörkum í andlit, af miklu afli. Vitnið svaraði því til að hann hafi verið með bólgna efri vör og þótt ekki sjáist áverkar fyrstu klukkustundirnar geti marblettir komið fram síðar. Jafnframt sagði vitnið að miðað við þessa lýsingu, um föst högg og spörk, þá mætti búast við að áverkarnir væru meiri. Þegar vitninu var kynnt að meint árás hafi átt sér stað milli kl. 17 og 20 sagði vitnið að þá hafi átt að vera komið fram mar, eins og á framhandleggi *As*, en svo hafi ekki verið þar sem mari væri ekki lýst í andliti.

#### IV.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir á ákærvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag og verður að skýra skynsamlegan vafa ákærða í hag, sbr. 109. gr. sömu laga.

Ákærði neitar sök. Hann hefur skýrt frá því að tölvu hafi verið stolið úr bifreið hans og honum hafi borist upplýsingar um að maður að nafni *E* væri með tölvuna. Ákærði kvaðst hafa grennslast fyrir um hann og fengið símtal frá manni sem hann þekki ekkert, *C*, um heimilisfang *E*. Ákærði hafi í beinu framhaldi farið að heimili *E* að [...] í Kópavogi og *C*, sem hafi vitað að ákærði hafi verið á leiðinni

til E, hafi komið þangað óumbeðinn, ásamt öðrum manni. Upplýst hefur verið að sá maður heitir B. Ákærði segir að E hafi sagt að tölvan væri hjá vini hans sem bjó á efri hæðinni, A, sem er brotali í máli þessu. Þeir hafi farið þangað og ákærði hafi fengið tölvu sína afhenta. Búið hafi verið að tengja flakkara sem hafi fylgt tölvunni við tölvu brotali og ákærði hafi beðið um hann og fengið hann afhentan. Ákærði hafi svo farið. Hann neitar því alfarið að hafa ráðist á nokkurn hátt á brotali.

Brotali hefur ekki borið um atvik með sama hætti hjá lögreglu og fyrir dómi og er það til þess fallið að draga úr trúverðugleika hans. Þegar brotali lagði fram kæru hjá lögreglu á hendur ákærða, um fjórum og hálfum mánuði eftir meinta árás, skýrði hann frá því að þrír menn hefðu ruðst inn til hans og þeir haft E vin hans með sér. Einn þessara þriggja manna hafi verið ákærði og hann hafi ráðist á brotali og slegið hann ítrekað í andlitið og líkamann. Brotali kvaðst hafa fallið í gólfíð við þetta og þá hafi ákærði ítrekað sparkað í andlit hans. Brotali sagði að hann hafi „margrotast“. Einnig lýsti brotali því að ákærði, C og B hafi farið ránsendi um íbúðina og allt þetta hafi staðið yfir í um þrjár klukkustundir. Brotali tók ítrekað fram að ákærði hafi verið sá eini sem hefði ráðist á hann.

Fyrir dómi kvaðst brotali fyrst hafi fengið eitt högg í andlitið. Hann hefði vankast við það og fallið í gólfíð og þá hafi verið sparkað í andlit hans. Jafnframt kvaðst hann hafa misst meðvitund um tíma. Hann kvaðst hafa fengið mörg högg frá ákærða, bæði með höndum og fótum. Enn fremur sagði brotali að C hafi skipað honum að setjast inn í eldhús og þar hafi hann veitt honum högg í andlit og kastað bjórflösku í andlit hans og flaskan hafi brotnað. Brotali kvaðst hafa fengið einn lítinn skurð við augabrún vegna þessa, sem lýst er í ákæru, en hann hafi auk þess fengið fleiri skurði vegna árásar þeirra. Jafnframt hafi C sparkað í hann ef hann hafi ætlað að hreyfa sig, aðallega í hendur og bringu, og yfirborðsáverkar sem hann hafi hlotið og lýst er í ákæru væru líklega vegna þess. Þegar brotali kom fyrir dóm í seinna skiptið breytti hann framburði sínum og sagði að hann hafi fengið bjórdós í sig, en ekki bjórflösku sem hafi brotnað.

D, sem var sambýliskona brotali á umræddum tíma, og E, vinur hans, báru vitni fyrir dómi og sögðu bæði að ákærði og C hafi ráðist á brotali. D lýsti árásinni þannig að þeir hafi ítrekað kýlt og sparkað í brotali, aðallega í andlit en einnig í efri hluta líkamans. Þegar vitni D var hins vegar nánar spurt um atvik kvaðst það ekki muna hvort það hafi séð ákærða eða C sparka í brotali. Er framburður vitnisins því ekki svo skýr sem skyldi. Vitni E sagði að ákærði og C hafi barið brotali ítrekað í andlit og líkama, en mundi ekki hvort það hafi verið sparkað í hann. Þá hafa bæði vitnin greint frá því að C hafi hent bjórdós í andlit brotali. Einnig hafa þau lýst því að B hafi séð til þess að D héldi kyrru fyrir í svefnherberginu og að ákærði, C og B hafi farið um íbúðina og tekið muni. Vitni D telur að allt þetta hafi staðið yfir í um þrjá tíma, frá kl. 17 til kl. 20, en vitni E hélt að það hafi ekki verið svo langur tími. Ákærvaldið byggir kröfu um sakfellingu ákærða á framburði þessara tveggja vitna hvað varðar meinta árás ákærða en hafnar framburði þeirra um meinta árás C og aðild B, enda sæta þeir ekki ákæru í málinu. Er vandséð hvernig vitnin eiga að vera trúverðug um sumt í framburði þeirra en ekki annað.

Vitni B skýrði frá atvikum með öðrum hætti en E og D, en það sagði að komið hafi til „smá átaka“ milli ákærða og brotali. C hafi hins vegar ekki gert neitt. Í ljósi þess sem rakið hefur verið um að vitni hafi átt aðild að málinu, og

Þess að það kveðst vera kunningi C og vinur brotaþola, er varhugavert að byggja á framburði vitnisins.

Vitnisburður C, um að engin átök hafi átt sér stað, styður framburð ákærða. Trúverðugleika þessa vitnisburðar verður hins vegar að skoða með hliðsjón af því að vitnið var með réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins.

Eins og rakið hefur verið er verulegt misræmi í framburði brotaþola um meinta árás og hverjir hafi ráðist á hann. Brotaþoli gaf þá skýringu á misræmi í framburði sínum um aðild C að hann hafi aðeins veitt honum einn hundraðasta af þeim áverkum sem hann hlaut og í minningunni hafi það verið þannig við skýrslutöku hjá lögreglu að aðeins ákærði hafi ráðist á hann. Þessi skýring stenst ekki þegar litið er til framburðar brotaþola sjálfs á því hvernig C hafi ráðist á hann. Þá hefur brotaþoli ekki gefið trúverðugar skýringar á því af hverju hann lagði ekki fram kæru á hendur ákærða fyrir en í október 2010, sérstaklega í ljós þess að brotaþoli deildi við ákærða á fésbókinni nokkrum dögum eftir meinta árás um skil á gögnum sem brotaþoli hafði sett á flakkara ákærða og hafði brotaþoli í alvarlegum hótunum við ákærða í tengslum við skil á þessum gögnum, en minntist ekki á meinta árás fyrir en eftir að hann lagði fram kæru. Enn fremur eru áverkar sem lýst er í læknisvottorði í engu samræmi við framburð brotaþola og vitnanna D og E, en þar segir að brotaþoli hafi verið með 1 cm skurð við augabrún, bólgnu hægri efri vör og byrjandi mar á framhandlegg vinstra megin. Samkvæmt vottorðinu og vitnisburði Ásu E. Einarsdóttur læknis fyrir dómi var ekkert mar í andliti brotaþola, en miðað við þann langa tíma sem hefur liðið frá meintri árás og þar til brotaþoli fór á spítala hefði slíkt átt að vera komið fram.

Með vísan til alls framangreinds hefur ákærvaldinu ekki tekist að sanna svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þá áverka sem þar greinir. Verður ákærði því sýknaður af refsikröfu ákærvalds.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 2. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að fella allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talda þóknun verjanda sem þykir hæfilega ákveðin 251.000 krónur, að virðisaukaskatti meðtöldum.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, X, er sýkn af ákæru í málinu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin 251.000 króna þóknun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Baldurssonar hæstaréttarlögmanns.

Sandra Baldvinsdóttir.

